



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 25. febrúar 2021

R21020217

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um umferðaröryggisaðgerðir við Lönguhlíð, norðan Miklubrautar

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 23. febrúar 2021, lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 14. lið fundargerðar:

Íbúar í Hlíðum hafa bent ítrekað á að auka þurfi öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við Lönguhlíð norðan megin Miklubrautar. Íbúaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir upplýsingum um hvaða aðgerðir USK telur að grípa ætti til þess að auka öryggi gangandi og hjólandi við götuna og draga úr hraðri umferð og hvort að það liggi fyrir aðgerðir og tímaáætlun fyrir framkvæmdir.

Svara er vinsamlega óskað innan þriggja vikna.

Virðingarfyllt

Heimir Snær Guðmundsson
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar